



501. fundur Þingvallanefndar

8. mars 2023 kl 11.30

Skrifstofa Þingvallanefndar, Austurstræti 12.

Mætt: Vilhjálmur Árnason formaður, Orri Páll Jóhannsson, Andrés Ingi Jónsson, Oddný Harðardóttur og Tómas A. Tómasson.

Gestir: Þráinn Hauksson og Ómar Ívarsson ráðgjafar hjá Landslag ehf.

Dagskrá:

1. Deiliskipulag, yfirferð fyrir opið kynningarferli Þjóðgarðsvörður fer yfir forsögu deiliskipulags og hvernig staðið hefur verið að vinnunni. Vinnu hefur seinkað m.a. vegna Covid faraldurs. Þráinn Hauksson og Ómar Ívarsson fara yfir skipulagsupprætti. Umræður um helstu hugmyndir og nálgun í deiliskipulaginu. Þingvallanefnd ítrekar gott samráð við sveitarfélagið Bláskógabyggð. Stefnt að því að fara með deiliskipulag í lögbundið ferli að loknu sumri.

Fundi slitið.